Til Bæjarráðs

Kópavogi, 28 júní 2026
/BMG

Efni: Viðauki við fjárhagsáætlun

Umhverfissvið, í samráði við skrifstofu áhættu- og fjárstýringar, óskar eftir samþykki bæjarráðs fyrir viðauka við fjárhagsáætlun vegna eftirfarandi verkefna. Um er að ræða færslu á milli liða og því ekki um aukna fjárþörf að ræða. Algengt er að færa þurfi á milli liða vegna mismunandi ástæðna.

Mfl- verknr.	Verkefni	Upphæð
32594-2644	Vatnsendahvarf gatnagerð	270.000.000 kr.
44510-5711	Miðlunartankur	110.000.000 kr.
32158	Færsla gámastofa í Smáraskóla	50.000.000 kr.
32306	Endurnýjun Geislagarðs og bílageymslu	210.000.000 kr
Samtals		640.000.000 kr

Lagt er til að viðaukinn verði fjármagnaður með tilfærslu fjármagns frá eftirfarandi verkefnum:

Mfl- verknr.	Verkefni	Upphæð sem er óskað að fluttar verði af verkefni
32172	Grunnskóli og leikskóli í Vatnsendahvarfi	300.000.000 kr.
32136	Nýir leikskólar – Naustavör	145.000.000 kr.
32294	Aðalvöllur HK	195.000.000 kr.
Samtals		640.000.000 kr.

Fjármunir losna þar sem útboð í þessum verkefnum hafa tafist.
Helstu ástæður:

- **Vatnsendahvarf:** samráðsferli við Ísaksskóla stendur yfir.
- **Naustavör:** mengaður jarðvegur á lóð; unnið er að úrbótum í samráði við Heilbrigðiseftirlitið.
- **Aðalvöllur HK:** útboð var kært og munu framkvæmdir tefjast á meðan kæruferli stendur yfir. Á fjárhagsætlun 2026 er gert ráð fyrir 800 milljónum en ljóst er að fjárþörf er minni en áætlað var sökum kærunnar.

Stefnt er að útboði Vatnsendahvarfsskóla og leikskóla við Naustavör síðar á árinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

32594 – 2644 Vatnsendahvarf – nýtt hverfi.

Framkvæmdir ganga vel og eru innan kostnaðaráætlunar. Til að ljúka samningsverki og hefja malbikun er þörf á viðbótarfjármagni, en þá verður malbikun flýtt að hluta en átti að hefjast á næsta ári.

- Fjárheimild 2026: 350 m.kr.
- Raunkostnaður til þessa: ~189 m.kr.
- Áætlaður kostnaður það sem eftir er árs: ~431 m.kr.

Heildarkostnaður 2026: ~620 m.kr.

Samanburður við áætlanir:

Ár	**Framkvæmdarkostnaður**	**Upphæð á fjárhagsáætlun**
2024	191.866.903 kr.	1.000.000.000 kr
2025	641.614.770 kr.	800.000.000 kr
2026	620.000.000 kr.	350.000.000 kr
Samtals	1.453.481.673 kr.	2.150.000.000 kr.

Upprunaleg heildaráætlun (2024 verðlag) var 2,4 ma.kr. Verkefnið er því innan ramma.

44510-5711 Miðlunargeymir

Verkefnið hefur tafist vegna leka sem kom í ljós við prófanir. Verktaki (ÍSTAK) hefur unnið úrbætur á eigin kostnað og fellur enginn kostnaður á bæinn vegna þess.

- Framkvæmt 2024–2025: 281,2 m.kr.
- Áætlaður kostnaður 2026: 110 m.kr.
- **Heildarkostnaður:** ~391 m.kr.

Upprunaleg áætlun var 400 m.kr. Verkefnið er því innan kostnaðarramma en um eitt ár á eftir áætlun.

32158 - Færsla gámastofa – Smáraskóli

Í samráði við menntsvið og skólastjóra Smáraskóla er þörf á auknu kennslurými vegna fjölgunar nemenda. Lagt er til að flytja gámaeiningar frá leikskólanum Sólhvörfum að Smáraskóla.

Áætlaður kostnaður:

- Jarðvinna, tengingar og ráðgjöf: 41 m.kr.
- Lausabúnaður og aðlögun: 9 m.kr.

Samtals: 50 m.kr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Ekki er gert ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun 2026 þar sem fjölgun nemenda lá ekki fyrir við gerð fjárhagsáætlunar.

32306 – Endurnýjun Geislagarðs og bílageymslu

Verkefnið hófst árið 2025 og var fjárheimild 350 milljónir það ár. Verkefnið varð tímafrekara en gert var ráð fyrir þar sem ekki er hægt að nota þungar vinnuvélar í þakgarðinum vegna burðargetu. Árið 2025 var bókað 106 milljónir á verkið en fjárþörf verkefnisins á þessu ári er 210 milljónir en verður í heildina undir kostnaðaráætlun. Áætluð verklok er ágúst 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026